

6. gr.

Tekjur Samgönguminjasafnsins eru aðgangseyrir, frjáls framlög einstaklinga og félaga og fjárveitingar frá hinu opinbera.

7. gr.

Reikningsár Samgönguminjasafnsins er almanaksárið og skal ársreikningur þess gefinn út endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda.

Eigi síðar en 30. júní ár hvert skal senda Ríkisendurskoðun reikning safnsins fyrir næstliðið ár ásamt skýrslu um starfsemi þess.

8. gr.

Skrá skal alla muni er safninu berast, merkja þá, lýsa þeim og gera sem gleggsta grein fyrir uppruna þeirra og sögu. Hvorki má selja né gefa muni úr safninu, en láta má muni í skiptum fyrir aðra, ef stjórn safnsins samþykkir það einróma, nema annað sé ákveðið af gefanda.

9. gr.

Heimilt er breyta skipulagsskrá þessari með samþykki allra stjórnarmeðlima. Bera skal breytingarnar undir dómsmálaráðuneytið til staðfestingar.

10. gr.

Verði stofnunin lögð niður skal stjórnin ráðstafa eignum hennar.

11. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðuneytis á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 23. desember 1998.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 8 14. janúar 1997 um Þróunarsjóð sjávarútvegsins með áorðnum breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breyting er gerð á 8. gr. reglugerðarinnar:

Í stað dagsetningarinnar „1. janúar 1998“ í 1. másl. 1. mgr. komi: 1. janúar 1999.

Í stað ártalsins „1998“ í 2. másl. 1. mgr. komi: 1999.

Í stað orðanna „880 kr.“ í 2. másl. 1. mgr. komi: 900 kr.

Í stað orðanna „334.000 kr.“ í 2. másl. 1. mgr. komi: 342.000 kr.

Í stað dagsetningarinnar „1. janúar 1998“ í 4. másl. 1. mgr. komi: 1. janúar 1999.

2. gr.

Ákvæði til bráðabirgða fellur niður.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 92 24. maí 1994 um Þróunarsjóð sjávarútvegsins með síðari breytingum staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 30. desember 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um skráningar-, árgjöld og önnur gjöld vegna lyfja.

1. gr.

Skráningargjöld lyfja.

Umsóknir um skráningu lyfs, þ.e. sérlyfs, samhliða lyfs og náttúrulyfs, skal senda til lyfjanefndar ríkisins. Hver umsókn gildir aðeins fyrir eitt lyf í einu lyfjaformi og einum styrkleika. Nefndin sendir reikning fyrir tilskildum skráningargjöldum til ríkisfjárhirslu, sem sendir umsækjanda/umboðsmanni gíróseðil til greiðslu.

Rita skal nýja umsókn ef sótt er um eftirfarandi breytingar á forsendum markaðsleyfis lyfs á Íslandi; breytingar á virkum innihaldsefnum, ný ábending lyfs sbr. skilgreiningu Evrópusambandsins EC 541/95, nýr styrkleiki, nýtt lyfjaform eða ný aðferð við gjöf og ef eftirfarandi breytingar verða á dýrallyfi sem notað er fyrir dýr ef afurðir þess eru notaðar til manneldis; stytting á afurðarnýtingarbiðtíma eða ný dýrategund sem nota á lyfið fyrir.

Rita skal nýja umsókn þegar sótt er um endurskráningu á lyfi og gildir hver umsókn aðeins fyrir eitt lyf í einu lyfjaformi og í einum styrkleika.

Upphæðir skráningargjalda eru samkvæmt viðauka I við reglugerð þessa.

Framangreind skráningargjöld eru óafturkræf þó umsókn sé synjað.

2. gr.

Breyting á forsendum markaðsleyfis.

Sækja skal um minniháttar breytingu á forsendum markaðsleyfis, tegund I og meiriháttar breytingu á forsendum markaðsleyfis, tegund II (samkvæmt skilgreiningu Evrópusambandsins sbr. EC 541/95) á þar til gerðu eyðublaði.

Greiða skal gjald samkvæmt viðauka I við reglugerð þessa fyrir tegund I breytingar og tegund II breytingar. Um er að ræða tvö gjöld fyrir tegund II breytingar þar sem mikill munur getur verið á umfjöllun slíkra umsókna.

Hver umsókn gildir fyrir eina breytingu nema um sé að ræða breytingu sem hefur aðrar í för með sér.

3. gr.

Árgjöld.

Af hverju formi og styrkleika sérlyfs, samhliða lyfs og náttúrulyfs sem hefur markaðsleyfi 1. janúar ár hvert, skal handhafi markaðsleyfis greiða árlegt gjald, samkv.